

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 118/2021**

**frá 19. mars 2021**

**um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2082 frá 14. desember 2020 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2116 <sup>(1)</sup>.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2082 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/2116 <sup>(2)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 5cub (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2116) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„**32020 R 2082**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2082 frá 14. desember 2020 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2116 (Stjtið. ESB L 423, 15.12.2020, bls. 18).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/2082, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 423, 15.12.2020, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 320, 11.12.2019, bls. 11.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.